

Húsciganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælar við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætt á, að vatnið í æðunum óhreinist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunar-tæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 200 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkv. lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 53, 2. mars 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld á Kirkjubæjarklaustri, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að leggja holræsi um Kirkjubæjarklaustur. Holræsagerðin er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð hefur þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólþ frá húsinu út í aðalræsi og skal hann halda við sinni heimæð. Regnvatn af húsi eða af lóð er óheimilt að tengja í aðalræsi og skal slíkt tengt í svelt, sem húseigandi skal gera þar til að holræsagerðin hefur lagt sérstaka lögn fyrir regnvatn af húsi og lóðum og skal þá húseigandi tengja regnvatn sitt í hana á sinn kostnað. Holræsagerðin lætur steypa rotþrær, sem allt skólþ staðarins skal tengt í. Greiða skal 200 000.00 krónur í tengigjald af íbúð, en af atvinnuhúsnæði ákveður hreppsnefnd tengigjald hverju sinni. Heimilt er hreppsnefnd að hækka tengigjald, en þó aldrei meira en nemur hækkun byggingarvísitölu. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi, skal hann leggja fram uppdrátt af holræsalögn innanhúss og í grunni, er sýni legu, halla og stærð, gerð og annað því viðkomandi. Uppdráttur skal gerður af pípulagningamanni eða öðrum sérfróðum mönnum. Aðeins pípulagningamanni eða öðrum, sem hreppsnefnd hefur samþykkt skal heimilt að leggja holræsalagnir. Engar lagnir má hylja fyrr en fulltrúi hreppsnefndar hefur samþykkt þær.

4. gr.

Þeir einir, sem hreppsnefnd samþykkir skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá holræsum, er standa í sambandi við holræsakerfi staðarins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð staðarins greiðist af holræsagerðinni og til þess að standast þau útgjöld, sem af framkvæmd og viðhaldi leiðir, ber hverjum þeim, sem á hús, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í að greiða árlega til holræsagerðarinnar — og, í fyrsta sinn fyrir árið 1979 — 0.20% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það reiknast á hverjum tíma, en þó aldrei minna en kr. 5 000.00 af húsi eða húshluta, sem talið er sér í fasteignamati, enda sé holræsalögn að viðkomandi húsi eða húshluta. Gjöld þessi er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um 50% án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum húseiganda næstu tvö ár eftir gjald-daga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 500 000.00 sem rennur í hreppssjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Fósturskóla Íslands.

I. KAFLI

Hlutverk skólans.

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla og konur.

2. gr.

Hlutverk Fósturskóla Íslands er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til sjö ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabeðkjum barnaskóla og leikvöllum.

Heimilt er að fela skólanum að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og skal þá setja um það sérstaka reglugerð.

3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal stefnt að því að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum sem skólanum er ætlað að fást við og talin eru í 2. grein.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til og á þann hagnýta grundvöll sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálarfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfra sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálarfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.

5. gr.

Skólinn skal annast endurmenntun fósturmenntaðs fólks. Skal sú fræðsla miðast annars vegar við upprifjun og endurhæfingu fólks sem ekki hefur verið í starfi um skeið og hins vegar við endurmenntun fólks í starfi.